

Teiknistofa arkitekta Gylfi Guðjónsson  
og félagar ehf  
Skólavörðustíg 3  
101 Reykjavík

Umhverfisstofnun	
Áb. _____	
<b>13 FEB. 2009</b> 54.22	
Tilv. _____	



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 10. febrúar 2009  
Tilvísun: UST20090100032/ksj

### Grundartangi, Hvalfjarðarsveit. Deiliskipulag iðnaðar- og hafnarsvæðis, vestursvæði

Vísað er til erindis teiknistofu Arkitekta Gylfi Guðjónsson og félagar ehf. er barst 5. janúar sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að breyttu deiliskipulagi iðnaðar- og hafnarsvæðis á vestursvæði Grundartanga Hvalfjarðarsveit áður Skilmannahreppi. Um leið og tillaga er um að breyta deiliskipulagi er skipulagssvæðið stækkað. Erindinu fylgja uppdrættir og umhverfisskýrsla.

Skipulagssvæðið stækkar úr 27,2 ha í 152,7 ha. Lóðum fyrir athafna- og hafnsækna starfsemi fjölga verulega. Skilgreind er 10 ha landfylling. Einnig eru gerðar nokkrar breytingar á gildandi deiliskipulagi, m.a. breytist hámarkshæð á nokkrum lóðum úr 12 m í 14 m. Núverandi aðkoma að svæðinu þ.e. um Grundartangaveg leggst af og í staðinn er fyrirhuguð ný aðkomuleið u.þ.b. 200 m suð-vestan hennar sem er skilgreind sem nýr stofnvegur sem tengist Þjóðvegi nr. 1. Samkvæmt aðalskipulagi Skilmannahrepps er skipulagssvæðið innan skilgreinds þynningarsvæðis stóriðjunnar að Grundartanga.

### Skógrækt

Fram kemur að skógrækt hefur verið stunduð á hluta skipulagssvæðisins, einnig er ráðgerð skógrækt utanum skipulagssvæði á þrjá vegu. Umhverfisstofnun tekur undir að skógrækt geti mildað neikvæð sjónræn umhverfisáhrif iðnaðar- og athafnasvæðis.


### Landfylling


Deiliskipulagið gerir ráð fyrir landfyllingu af stærðargráðunni 10 ha sem er samkvæmt 2. viðauka laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrif tilkynningaskyld framkvæmd sem kann að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif. Fram kemur í umfjöllun um landfyllinguna að gert er ráð fyrir að stærstur hluti efnis muni fást af skipulagssvæðinu við landmótun, formun lóða og gatnagerð innan svæðisins, en að einnig verði efni fengið úr nálægum efnisnámmum í sjó og á landi. Umhverfisstofnun bendir á að efnisnámmur þurfa framkvæmdaleyfi frá viðkomandi sveitarfélagi, en starfsleyfi er gefið út af viðkomandi heilbrigðiseftirliti. Efnistaka úr sjó er háð nýtingarleyfi frá iðnaðarráðuneyti sem Orkustofnun gefur út.

### Umhverfisáhrif deiliskipulags

Í umfjöllun um umhverfisáhrif fyllingar eru tveir kostir bornir saman, deiliskipulagstillaga sem hefur verið samþykkt og tillagan sem hér er til umfjöllunar. Ný tillaga gerir ráð fyrir meiri uppbyggingu hvað hafnarmannvirki og landfyllingu varðar og einnig meiri uppbyggingu hvað iðnaðar- og athafnalóðir varðar og umhverfisáhrif verða því meiri. Svæðið sem deiliskipulagstillagan nær yfir er þegar frátekið fyrir iðnað og athafnastarfsemi þar sem það er innan þynningarsvæðis stóriðju á svæðinu. Umhverfisstofnun vísar nánari umfjöllun um landfyllingar og hafnarframkvæmdir og umhverfisáhrifa þeirra til síðari stiga, þ.e. til mats á umhverfisáhrifum framkvæmdanna.

Virðingarfyllst

  
Kristín S. Jónsdóttir  
Sérfræðingur

  
Ólafur A. Jónsson  
Deildarstjóri

Skipulagsstofnun